

Náttúran og nöfnin okkar



Helga Hauksdóttir
kennsluráðgjafi, skóladeild Akureyrar
2015

Verkefni fyrir nemendur mið- og unglíngastígs

Hvað á barnið að heita?




Stuttu eftir fæðingu gefa foreldrar börnum sínum nöfn. Stundum fá börn sama nafn og einhver annar í fjölskyldunni, t.d. nafn afa eða ömmu.

Mörg íslensk nöfn eru tengd náttúrunni í kringum okkur. Í þessari bók ætlum við að læra svolítið um náttúruna og tengja hana við íslensk nöfn.


Nafnið mitt: _____

Nöfnin í fjölskyldu minni.

Efst kemur nafnið mitt, svo nöfn foreldra minna og loks nöfn ömmu og afa.



Sól, tungl og stjörnur





Nöfn sem tengjast sólinni, tunglinu og stjörnum eru t.d.

Sunna, Máni og Stella.

Nafnið Stella er komið úr latínu og merkir „stjarna“.

Sunna er samheiti fyrir sól (sunna = sól). Sólin er stjarna í miðju sólkerfisins. Hún er svo stór að 109 jarðir kæmst fyrir í röð, þvert í gegnum hana. Jörðin snýst í kringum sólina eins og allar hinar reikistjörnur sólkerfisins.



<http://www.visindavefur.is/svar.php?id=833>

Merktu **jörðina** inn á myndina hér fyrir ofan.

Reyndu að finna fleiri nöfn sem tengjast sólinni. Þú getur t.d. fundið nöfn sem byrja á Sól.....

Ef þér dettur ekkert í hug, getur þú farið á netið og fundið lista yfir íslensk mannanöfn:

http://is.wikipedia.org/wiki/Listi_yfir_%C3%ADslensk_mannan%C3%B6fn

Sunnudagur er fyrsti dagur vikunnar og er nefndur eftir sólinni.

Hvað kyn (kk. kvk. eða hk.) er orðið sunnudagur? _____

Fallbeygðu orðið sunnudagur:

Nf	hér er	
Þf	um	
Þgf	frá	
ef	tíl	

Til að sjá hvort þú hefur fallbeygt rétt getur þú farið inn á <http://bin.arnastofnun.is/> og slegið inn orðinu „sunnudagur“ → „leita“ og þá sérð þú hvernig á að fallbeygja orðið.

Mörg ljóð (pl. wiersz) hafa verið samin um sólina. Þetta er eitt þeirra:

Blessuð sólin elskar allt,
allt með kossi vekur,
haginn grænn og hjarnið kalt
hennar ástum tekur.

(Hannes Hafstein)



Tungl = máni (e. moon, pl. księżyc)

Tunglið er bjartasti hnötturinn (pl. glob) á næturhimninum.

Á íslensku heitir dagurinn „mánudagur“ eftir tunglinu = „dagur mánans“.

Tólf menn hafa stigið fæti á tunglið en það var árið 1969 sem fyrstu geimfararnir (pl. kosmonauta) fóru þangað. Það voru Neil Armstrong og Edwin Aldrin.



Mörg ljóð hafa verið ort um mánann (tunglið). Sum eru oft sungin, t.d. þetta sem heitir Álfadansinn:

Máninn hátt á himni skín,
hrímfölnur og grár.
Líf og tími líður
og liðið er nú ár.
Bregðum blysum á loft,
bleika lýsum grund.
Glottir tungl og hrín við hrönn
og hratt flýr stund.

(Texti: Jón Ólafsson. Lag: færeyskt vikivakalag)

RÍM,
ÁRAMÓT!

https://www.youtube.com/watch?v=g9_J0MF2GCs

Í ljóðinu sínu *Óður til mánans* segir Vilborg Dagbjartsdóttir okkur að engin kona hafi enn komið til tunglsins, enda hafa þær svo mikið að gera heima í húsverkunum!

Óður til mánans

Þegar ég er búin að vaska upp
þegar ég er búin að fara út með ruslið
þegar ég er búin að skúra eldhúsgólfíð
Þegar ég er búin að bóna gangana
þegar ég er búin að ryksuga
þegar ég er búin að þurrka af
þegar ég er búin að þvo
þegar ég er búin

ætla ég út á svalir
að steyta skrúbbinn
framan í mánann
þangað hefur engin kona
verið send með
KARKLÚTINN
ekki enn.

Umræða um
stöðu kvenna!



Karklútur = tuska – pl. szmata, e. rag

Skrúbbur = bursti til að þvo með – to wash the floor with a brush and water.

Bóna = polish / polerowana

Annað ljóð um náttúruna eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur til umræðu, t.d. um myndlíkingar og pesónugervingar eða til myndskreytingar.

Sumardagur

Sólin: stór rauður sleikibrjóstsýkur

Skýin: þeyttur rjómi

Aldan: hlējandi smástelpa

Þú

í fjörunni

bakar sandkökur

hún eltir þig

lengra, lengra

upp undir malarkambinn

gleypir kökurnar

eina eftir aðra

og hrekkjótt

skvettir á

þig

Steinarnir brosa líka.



(Vilborg Dagbjartsdóttir. 1981. Ljóð. Reykjavík: Mál og menning).


Persónugervingar

Líkingamál þar sem fyrirbrigði utan mannlífsins er gætt mannlegum eiginleikum.

Hvað gera þau?

Aldan _____

Steinarnir _____



Hafið




Ísland er eyja

Allt í kringum landið er sjór. Sjórinn í kringum Ísland heitir

_____ . Það er annað stærsta úthaf heims, næst á eftir Kyrrahafinu og nær yfir um fimmtung ($\frac{1}{5}$) yfirborðs jarðar.

Það eru til mörg orð í íslensku sem merkja **sjór**. Það eru til dæmis **haf** og **sær** (pl. morze). Í hafinu kringum Ísland eru margir flóar og firðir. Flóar (e. bay, pl. zatoka) eru stærri og breiðari en firðir (e. fjord, pl. fiord).



Hvað heita þessir flóar og firðir við Ísland (mynd á fyrri síðu):

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____
6. _____
7. _____
8. _____
9. _____
10. _____

Mörg íslensk nöfn eru tengd hafinu og öldum (e. wave, pl.fala).

Kvenmannsnöfnin Alda, Bára, Hrönn og Unnur merkja öll „alda“ (wave, fala).

Bæði kvenmannsnöfn og karlmannsnöfn byrja á Haf ... og Sæ...

Finndu nokkur:




Kvenmannsnöfn (Haf...og Sæ...)	Karlmannsnöfn (Haf... og Sæ...)

Fjöllin og nöfnin okkar



Ísland er hálent land. Þar eru mörg fjöll og stór svæði þar sem ekki er gróður (e. *vegetation* pl. *roślinność*). Ef við skoðum landakort sjáum við að miðja landsins er mjög hálend. Þar eru sandar, fjöll og jöklar.

Hálendi (pl. *wyzyna*) er táknað með brúnum lit á landakorti og **láglandi** (pl. *nizina*) er táknað með grænum lit.



Nöfn sem tengjast fjöllum og hálendi eru til dæmis kvenmannsnafnið **Hekla** og karlmannsnafnið **Jökull**.

Finndu nöfn á fjórum jöklum á Íslandi:

1. _____ 2. _____

3. _____ 4. _____

Eitt frægasta eldfjall (e. *volcano*, pl. *wulkan*) Íslands er Hekla. Hekla gaus fyrst eftir landnám árið 1104 og hefur gosið meira en 20 sinnum síðan. Hún gaus 1980, 1991 og 2000

(<http://eldgos.is/hekla/>)



Fallbeygðu nöfnin **Hekla** og **Jökull**:



hér er	
um	
frá	
til	



hér er	
um	
frá	
til	

Mörg ljóð hafa verið samin um fjöllin. Hér fyrir neðan er ljóð sem Bubbi Mortens samdi árið 1982 og hljómsveitin Egó gerði lagið. Hlustaðu og horfðu á myndband af mörgum fallegum fjöllum.

Þekkir þú eitthvert fjall sem var sýnt í myndbandinu?

<https://www.youtube.com/watch?v=WSn8rd4GNZ4>

Fjöllin hafa vakað

Fjöllin hafa vakað í þúsund ár.
Ef þú rýnir inn í bergið sérðu glitra tár.
Orð þín kristaltær drógu mig nær og nær.
Ég reyndi að kalla á ástina
sem úr dvalanum reis í gær.

Þú sagðir mér frá skrýtnu landi fyrir okkur ein.
Þar yxu rósir á hvítum sandi og von um betri heim.
Ég hló, þú horfðir á; augu þín svört af þrá.
Ég teygði mig í himinninn,
í tunglið reyndi að ná.

Sá er talinn heimskur sem opnar sína sál,
ef hann kann ekki að ljúga, hvað verður um hann þá?
Undir hælinn verður troðinn, líkt og laufblöðin smá.
Við hræðumst hjarta hans
og augun blá.

Bubbi Morthens.

Rýna = horfa vel = look carefully/probe = pl. sondować / wglębić się w coś
Glitra = sparkle/glistin = iskierka
tár = tears = łez
dvali = svefn = e. deep sleep /pl. sen
skrýtið = strange = dziwaczny

Vetrarfrí

Fannar og Mjöll eru tvíburar. Þau eru í 8. bekk í Snælandsskóla í Reykjavík. Það er vetur, febrúarmánuður árið 2000. Dagana 24. – 27. er vetrarfrí í skólanum. Það er ekki spennandi að vera heima alla þessa daga. Þau langar til að fara burt úr bænum. Það er of dýrt fyrir fjölskylduna að fara til útlanda og pabbi segir að það sé líka hægt að gera eitthvað skemmtilegt án þess. Hann óskar eftir hugmyndum frá fjölskyldunni. Allir leggja höfuðið í bleyti og koma með sína hugmynd. Mamma leggur til að þau fari í skíðaferð til Akureyrar. Pabbi, sem er mesti klaufi á skíðum, tekur því ekki mjög vel og stingur upp á því að fara með Herjólfu til Vestmannaeyja. Þá segja tvíburarnir stopp! Þau langar sko ekki til að vera í ferju í nærri þrjá klukkutíma og verða kannski sjóveik. Þá vilja þau heldur heimsækja ömmu á Ísafirði. En mömmu og pabba líst ekkert á að keyra alla leið þangað af því að bíllinn þeirra er ekki á nógu góðum snjódekkjum.

Að leggja höfuðið í bleyti!
Hvað er það?

Nú eru góð ráð dýr! Enginn hefur stungið upp á lausn sem allir sætta sig við. Loks bjargar mamma málanum og segist geta fengið sumarbústað sem vinkona hennar á, rétt við Galtalæk. Allir samþykkja þessu tillögu og þau fara að undirbúa ferðalagið.

Þau taka með sér lambalæri til að grilla, mjólk og kakó, brauð og kex. Fannar tekur með sér Ipad en Mjöll segist geta farið á netið í símanum sínum. Mamma setur nokkur góð spil í töskuna og pabbi tekur taflið sitt. Allt er klárt og þau bruna úr bænum.

Eftir tveggja klukkutíma akstur eru þau komin í bústaðinn. Þar er hlýtt og gott. Fjölskyldan er í góðu skapi og allir setjast við spil. Um kvöldið býr pabbi til kakó. Þau líta út og dást að tunglskininu og stjörnuþjórtum himni. Síðan fara allir að sofa.

Fannar og Mjöll hrökkva skyndilega upp. Það brakar í húsinu og glas á náttborðinu dettur í gólfið. Hvað er að gerast? Fannar stekkur fram úr og lítur út um gluggann. Það er ekkert tunglsljós lengur. Allt er dimmt og svart. Pabbi kemur inn í herbergið þeirra og spyr hvort þau hafi fundið jarðskjálftann. Já, svo sannarlega fundu þau hann. Og brátt kemur annar skjálfti. Síðan fylgja miklar drunur í fjarska. Systkinin verða skelkuð þegar pabbi segir að líklega sé byrjað að gjósa í Heklu. ELDGOS – getur það verið? Þau hlaupa að stofuglugganum og í sama bili sjá þau rauðglóandi hraunsúluna rísa til himins. Fjallið nötrar og skelfur og hávaðinn er mikill.


Pabbi segir að nú sé nauðsynlegt að halda ró sinni og hugsa um hvað rétt sé að gera. Mjöll man eftir því að eitt sinn kom lögreglan í heimsókn í skólann og sagði þeim að mikilvægt

væri að muna eftir símanúmerinu **112**. Þangað ættu allir að hringja ef þeir væru í hættu staddir. Mamma segir að þetta sé rétt hjá Mjöll. Þau hringja í neyðarnúmerið. Þar svarar kona sem segir þeim að þau skuli strax taka saman dótið sitt, loka húsinu vel og keyra niður á Hvolsvöll. Þar sé búið að opna neyðarmiðstöð í skólanum og þar geti þau fengið að gista ef þau vilja.

Svona er íslensk náttúra óútreiknanleg. Á stuttri stundu getur skapast hættuástand og þá er nauðsynlegt að fara eftir fyrirmælum lögreglu og hálparsveitarmanna sem alltaf reyna að aðstoða fólk.

?

Þessi saga gerist árið 2000. Finnst þér eitthvað vera í henni sem ekki passar við að hún hafi gerst fyrir 15 árum?



Tengdu orðin á rétta staði á myndinni:

gígur – gosmökkur - hraustraumur

**Ræðið um söguna tvö og tvö saman.
Notið umræðuefnin í rammanum hér að neðan:**

Vetrarfrí

Persónur í sögunni.

Tími og umhverfi sögunnar.

**Ágreiningur í upphafi.
Hvernig var hann leystur?**

**Sögupráður.
Hvað gerist eftir að ákvörðun var tekin?**

**Getum við lært eitthvað af þessari sögu og
hvað þá?**

Skrifaðu hjá þér til minnis:

Ritunarverkefni með stuðningi (sbr. kenningar Vygotskys, *scaffolding*)

Nú hefur þú lesið söguna Vetrarfrí og rætt um hana við bekkjarfélaga. Næst ætlum við að prófa að skrifa útdrátt úr sögunni með eigin orðum.

Útdráttur: Þegar við segjum frá eða skrifum með eigin orðum, aðalefni sögu eða þess sem við lesum.

Til þess að æfa okkur fáum við aðstoð í fyrsta sinn og hugsum um þættina í töflunni hér að neðan:

Einhverjir	Langa til	En	Svo	Þá
Mjöll Snær, Mamma, pabbi	Að fara eitthvað, Gera eitthvað skemmtilegt í vetrarfríinu.	Þau áttu ekki mikla peninga.	Pabbi bað alla um að koma með hugmyndir um hvað þau gætu gert.	Þá var ákveðið að fara í sumarbústað við Galtalæk. Þar upplifðu þau eldgos í Heklu. Það var eitthvað sem þau muna eftir alla ævi.

(Wilfong, 2014, bls. 32).

Þegar þú ert búin að fylla inn í töfluna getur þú skrifað útdrátt í samfelldu máli:

Ritunarverkefni

Markmið: Frásögn með uphafi, meginmáli og endi.

Sumarfrí

1. Hugstormun. Um hvað er hægt að skrifa. Allir taka þátt og velja efni.
2. Hugsaðu um samræðurnar og lykilorðin sem hafa verið skrifuð á töfluna.
3. Fylltu inn í rammann eins og var gert hér að framan.
4. Bættu inn í og skrifaðu söguna í samfelldu máli. Val um tölvu eða blað og blýant.

Einhverjir	Langa til	En	Svo	Þá

Trjátegundir og nöfnin okkar



Þegar landnámsmennirnir komu til Íslands um 874 var þar mikill birkiskógur (birki: e. *birch*, pl. *brzoza*). Hann minnkaði mikið vegna skógarhöggs (e. logging, pl. *pozyskiwanie drewna*) og beitar búfjár og nú eru aðeins um 1% landsins skógi vaxið.

Skógrækt (e. *forestry*, pl. *leśnictwo*) hefur aukist á Íslandi og bæði lauftré (pl. *drzewo lisciaste*) og barrtré (pl. *drzewo iglaste*) vaxa vel.

Birki er eina innlenda tré landsins sem myndar skóga. Það hefur frekar lítil lauf sem ilma mjög vel, bæði á vorin og eftir rigningu á sumrin. Birki er líka algengt í görðum á Íslandi.



Birkir getur verið nafn á strák en hvernig heldur þú að nafnið sé þegar það er á stelpu?

Þá er það _____



Ef þú ferð inn á vefinn www.bin.arnastofnun.is og hakar við *Leita að beygingarmynd* getur þú séð hvernig íslensk orð fallbeygjast.

Umræða um landnámsmenn: Hvaðan komu þeir, með hvað, fyrsti tíminn, húsakostur, nýting skógar o.fl.

Finndu hvernig nöfnin **Birkir** og **Björk** beygjast. (Snara.is /Orðabók/ Árnastofnun)

Björk:



hér er	
um	
frá	
til	

Birkir:



hér er	
um	
frá	
til	

Reynitré /Reyniviður

Íslendingar hafa ræktað reynitré við húsin sín alveg frá landnámsöld og höfðu þá trú að tréð færði heimilinu heill og hamingju (pl. *powodzenie*, e. *luck*).

Á sumrin koma hvít blóm á reyniviðinn og svo rauð ber. Okkur finnst berin ekki góð á bragðið en það finnst fuglunum og þeir borða mikið af berjum á haustin.



Mynd:www.skogur.is

Karlmanns nafnið Reynir fallbeygist alveg eins og nafnið Birkir.

Prufaðu að fallbeygja það:

Reynir:

hér er	
um	
frá	
til	

Birki og reynir eru:

Lauftré (pl. drzewo liściaste) barrtré (pl. drzewo iglaste)

Nú haustar að

Einhverja nóttina koma skógarþrestirnir
að tína reyniber af trjánum
áður en þeir leggja í langferðina yfir hafið,
en það eru ekki þeir sem koma með haustið
það gera lítil börn með skólatöskur.

(Vilborg Dagbjartsdóttir, 1981. Ljóð. Reykjavík: Mál og menning)

Myndskreyttu ljóðið hér að ofan

Orðaveggur

Hér er dæmi um orðavegg eins og Lori Wilfong leggur til. Að þessu sinni er orðaveggurinn þematengdur og orðin tengjast trjágróðri. Fyrst er hugstormun þar sem nemendur koma með öll þau hugtök sem tengjast trjám sem þeir kunna. Síðan er unnið með orðasjóðin. Þá er t.d. hægt að flokka orðin eins og sýnt er hér að neðan og spinna síðan áfram með hvern þátt fyrir sig.

Reyniviður			laufblað
ösp	Grein	blágreni	
		barrtré	
köngull			
laufré	birki	skógrækt	stofn
króna	rót	björk	skógarhögg
æðar	ber	blóm	



Dæmi um flokkun á orðavegg:

Trjátegundir	Reyniviður, ösp, birki, björk, blágreni
Hlutar trésins	Rót, stofn, grein, laufblað, króna, æðar
Atvinna	Skógrækt, skógarhögg
frjóvgun	köngull, ber, blóm.

Fuglarnir og nöfnin okkar

Eftir langan vetur eru margir Íslendingar glaðir þegar þeir heyra í fyrstu farfuglunum (pl. *ptak wędrownny* / e. *migrant*) vegna þess að þá vitum við að vorið er að koma. Þeir fuglar sem eru sérstakir vorboðar eru lóan og þrösturinn, auk margra fleiri.

Á vefnum er hægt að finna skemmtilegan fróðleik um fugla, skoða myndir og hlusta á söng þeirra. Skoðaðu vefinn:

<http://www1.nams.is/fuglar/>

Skógarþröstur (pl. *drożdżik* / e. *redwing*) er fallegur, brúnn fugl sem syngur mikið í görðum og skógum á Íslandi. Flestir þrestir eru farfuglar en nokkrir eru hér allan veturinn. Þá eru þeir glaðir að fá fuglakorn eða epli að borða.

Við köllum skógarþröstinn oft aðeins þröst og það er líka karlmannsnafn. Það er svolítið erfitt að fallbeygja nöfnin Þröstur og Örn en þau beygjast á sama hátt.

Reyndu fyrst og skoðaðu síðan á www.bin.arnastofnun.is/forsida

og sjáðu hvernig hefur tekist ☺

Þröstur

Örn

hér er		
um		
frá		
til		



Þrestir borða reyniber og epli

Haförn (pl. *bielik* / e. *eagle*) er stærsti fuglinn á Íslandi og stundum kallaður konungur fuglanna. Hann er mjög sjaldgæfur (pl. *rzadki* / e. *rare*) og er aðeins að finna á vesturhluta landsins, helst á Vestfjörðum.

Sumar

vetur



<http://www1.nams.is/fuglar/details.php?val=1&id=52>



myndir: www.ust.is

Örninn er mjög sterkur og það eru til sögur um að hann hafi hremmt (e. *to grab* / pl. *chwycić* / *porywać*) lítil börn til að bera í hreiðrið (e. *nest* / pl. *gniazdo*) sitt. Gömul kona hefur sagt frá því að örn hafi tekið hana af túni þegar hún var tveggja ára og borið hana um þrjá (3) kílómetra í klónum. Þá varð hann að sleppa henni, af því að hún var of þung. Örn veiðir fugla og fiska til matar og hann reynir líka að hremma lömb (pl. *owieczka*).

Svanur (e. *swan* /pl. *labędź*) er stór og fallegur, hvítur fugl. Hann er friðaður (e. *protected* / pl. *ochrona* /*chronić*) sem merkir að það má ekki veiða hann eða skjóta. Á Íslandi eru um 300 menn sem heita Svanur.

Íslenska söngkonan Björk mætti á Óskarsverðlaunahátíð árið 2001 í mjög frægum kjól sem var eins og svanur um hálsinn á henni.

Björk er fræg víða um heim og syngur oft á ensku en hún hefur líka sungið mörg lög á íslensku. Hlustaðu til dæmis á þetta lag:

<https://www.youtube.com/watch?v=R-zi21ibN0g&list=RDR-zi21ibN0g#t=39>

Litli tónlistarmaðurinn

Mamma, ertu vakandi mamma mín?
Mamma, ég vil koma til þín.
Ó mamma, gaman væri að vera stór,
þá vildi' ég stjórna bæði hljómsveit og kór.

Mamma, þú ert elskuleg mamma mín,
mér finnst gott að koma til þín.
En mamma, áðan dreymdi mig draum um þig,
en datt þá fram úr og það truflaði mig.

Þú varst drottning í hárrí höll.
Hljómsveitin! álfar, menn og tröll,
lék þér og söng í senn,
hún var svo stórfengleg.

Tröllin, þau börðu á bumburnar.
Blómálfar léku á flauturnar,
fiðlurnar mennskir menn,
á mandólín ég.

Allir mendum við upp til þín
eins og blóm þegar sólin skín,
er þínum faðmi frá,
gjafir flugu um allt.

Flestum gekk vel að grípa sitt.
Glaður náði ég fljótt í mitt,
en stóll er steig ég á,
stóð tæpt svo hann valt.

Mamma, þú ert elskuleg mamma mín,
mér finnst gott að koma til þín.
En mamma, gaman væri að vera stór,
þá vildi' ég stjórna bæði hljómsveit og kór.
(Freymóður Jóhannsson)



Söngkonan Björk í svanakjólnum fræga.

Tónlistarmaður =
muzyk
Stjórna = kontrola
/dowodzić
Draumur = marzenie
Trufla = niepokojący
drottning = królowa
höll = pałac
álfur = elf
tröll = troll
bumbur = trommur =
bęben
flauta = gwizdać
fiðla = skrzypce
mandólín = mandolina
mæna = horfa = gapić
się
faðmur = uściśnięcie?

Lóan kemur með vorið til Íslands. Hún er farfugl og kemur í apríl frá Bretlandi eða sunnan úr Evrópu og syngur fyrir okkur. Farðu á fuglavefinn og hlustaðu á söng lóunnar:

<http://www1.nams.is/fuglar/details.php?val=1&id=8>

Lóan gerir hreiður á milli þúfna og hún á oftast fjögur egg. Til eru mörg ljóð um lóuna en líklega þekkja flestir Íslendingar þetta ljóð sem oft er sungið.



Lóan er komin að kveða burt snjóinn,
að kveða burt leiðindin, það getur hún.
Hún hefur sagt mér, að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,
ég sofí of mikið og vinni ekki hót.
Hún hefur sagt mér að vaka og vinna
og vonglaður taka nú sumrinu mót.

(Páll Ólafsson, 1827-1905)

Egg lóunnar.
www.nams.is

Á YouTube getum við hlutstað á lagið um lóuna:

<https://www.youtube.com/watch?v=KukGjSSXQnc>



lóa



spói

Mynd: www.visindavefur.is

Skrifað með litlum staf er lóa fugl en skrifað með stórum staf er Lóa nafn á konu, kvenmannsnafn. Um 300 konur heita nafninu Lóa.

Fallbeygðu kvenmannsnafnið Lóa:

hér er	
um	
frá	
til	

Hrafninn (pl. *kruk*, e. *raven*)

Hrafninn er algengur um allt land. Sérstaklega er hann áberandi inni í bæjum á vetrum þegar hann hefur lítið að éta. Á vorin og sumrin étur hrafninn mikið af eggjum og ungum annarra fugla. Á haustin étur hann þer en hann er líka hrææta (e. *scavenger*, pl. *zmiatacz*). Hann er staðfugl (e. *non-migratory bird* / *ptak osiadły*).

Hrafninn er oft kallaður krummi og eins eru karlar sem heita Hrafn oft nefndir gælunafninu (e. *nickname*, pl. *przezwiako*) Krummi.

Oft er sungið um krumma, t.d. þetta ljóð sem er hér fyrir neðan. Þar segir frá vandræðum krumma sem hefur ekkert að borða þegar kalt er á veturna. Það er allt frosið og þegar hann kemur heim að bænum bannar hundurinn (seppi) honum að tína mat úr ruslinu. Loksins sér hann dauðan hrút (sauður/kind – e. *ram*) og þá verður hann kátur því að hann á von á veislu (pl. *uczta* / e. *feast*). Hlustaðu líka á lagið sungið á slóðinni hér fyrir neðan:

<https://www.youtube.com/watch?v=tq4seuBFxIM>

Krummi svaf í klettagjá

Íslenskt þjóðlag/Jón Thoroddsen

Krummi svaf í klettagjá,
kaldri vetrarnóttu á,
::: verður margt að meini. :::
Fyrir en dagur fagur rann,
freðið nefið dregur hann
::: undan stórum steini. :::

„Allt er frosið úti gor,
ekkert fæst við ströndu mor
::: svengd er metti mína. :::
Ef að húsum heim ég fer
heimafrakkur bannar mér
::: seppi' úr sorp að tína.“ :::


Öll er þakin ísi jörð,
ekki séð á holtabörð
::: fleygir fuglar geta. :::
En þó leiti út um mó,
auða hvergi lítur tó;
::: hvað á hrafn að éta? :::



Á sér krummi ýfði stél,
einnig brýndi gogginn vel,
::: flaug úr fjallagjótum. :::
Lítur yfir byggð og bú
á bænum fyrr en vakna hjú,
::: veifar vængjum skjótum. :::

Sálaður á síðu lá
sauður feitur garði hjá,
::: fyrrum frá á velli. :::
„ Krunk, krunk, nafnar, komið hér,
krunk, krunk, því oss búin er
::: krás á köldu svelli. “ :::

<https://www.youtube.com/watch?v=v9oUGOZx2sl>



Skrifaðu orðin á réttan stað:

bringa – goggur – vængur - stél

Gaman væri að fara út og athuga
hvort við sjáum hrafn og taka þá
mynd af honum, prenta út og
nota í vinnunni áfram.

Blómin og nöfnin okkar

Fjóla

Fjólur eru lítil, falleg blóm sem vaxa víða villt á Íslandi. Oft koma fjólur upp úr sandi og mól en þær vaxa líka í þurru graslendi.

Blóm fjólunnar eru oftast þrílit; fjólublá, gul og hvít.



Það eru til nokkrar tegundir af fjólum og ein þeirra er týsfjólan sem vex gjarnan í villtum mólum.

Fjólur eru duglegar að sá sér (e. *saw*, pl. *siać*) og þær eru oft fjölærar (e. *perennial*, pl. *rośliny wieloletnie*).



Á vorin kaupa margir sumarblóm í garðinn sinn. Eitt algengasta



sumarblóm á Íslandi heitir stjúpa og hún er í raun kynbætt (e. *to breed*, pl. *hodować*) fjóla. Stjúpan er stærri en fjólan og er til í mörgum litum. Hún er einær sem merkir að hún lifir oftast aðeins eitt sumar.

(mynd: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1148614/>)

Fjóla er líka kvenmannsnafn og árið 212 hétu 366 konur Fjóla að fyrsta nafni og 224 hétu Fjóla að öðru nafni. Fjóla beygist eins og Lóa (endingarnar a – u – u – u).

Ljóð og söngtextar hafa verið samin þar sem fjólan er nefnd. Hlustaðu á þennan texta sunginn:

<https://www.youtube.com/watch?v=dAS2qrqiB3c>

Litla flugan

Sigfús Halldórsson / Sigurður Elíasson

Lækur tifar létt um máða steina,
lítil fjóla grær við skriðufót.
Bláskel liggur brotin milli hleina,
í bænum hvílir íturvaxin snót.

Ef ég væri orðin lítil fluga,
ég inn um gluggann þreytti flugið mitt
og þó ég ei til annars mætti duga,
ég eflaust gæti kitlað nefið þitt.

Skriða = steinar og grjót sem hafa runnið úr fjalli = e. landslide = pl. obsunięcie się ziemi

Bláskel = mussels = muszle

Hlein /hleinar = klöpp við sjóinn = e. cliff = pl. glaz, oberwisko

Snót = stelpa/stúlka

Kitla = e. tickle = pl. łaskotać

Sóley

Það eru til nokkrar tegundir af sóleyjum. Þær sem við sjáum oftast eru gular og heita brennisóley og hófsóley eða lækjarsóley.

Hófsóley eða lækjarsóley vex þar sem landið er rakt eða blautt, t.d. hjá lækjum en brennisóley vex þar sem er þurrt, t.d. á túnum og úti í móum.



Brennisóleyjar í túni í Eyjafirði

Hófsóley við lítinn læk.



Laufblöð hófsóleyjar eru svipuð í laginu og hófur á fæti hests.

Holtasóley



Holtasóley er í rauninni ekkert skyld (e. *related*, pl. *pokrewny*) hinum sóleyjunum.

Blóm holtasóleyjarinnar eru hvít og hún vex í þurrum móum og til fjalla. Holtasóley er algeng á norðurslóðum.

Íslendingar völdu holtasóley sem þjóðarblóm (e. *national flower of Iceland*) í atkvæðagreiðslu árið 2004.

Árið 2012 var Sóley nafn 540 kvenna á Íslandi og 355 konur höfðu Sóley sem annað nafn.

Kvenmannsnafnið Sóley beygist svona:

Hér er Sóley, um Sóleyju, frá Sóleyju, til Sóleyjar.

Upprifjun – margræðni orða

Hvaða hugtökum er verið að lýsa á spöldunum ykkar?

Umferð í stórborgum streymir eftir mér.

Ég get verið neðanjarðar og þá streymir eftir mér vatn eða gas. Í mér geta líka fundist dýrir málmar.

Blóð í fólki streymir eftir mér.

Ég ber plöntum næringu.

Orðtak: Að vera dauður úr öllum _____

Við erum hluti af flugvélum.

Englarnir geta ekki án okkar verið.

Við erum líkamshluti margra skordýra og fugla.

Orðtak: Að stíga í _____ við einhvern.

Ég er oft upphaf, t.d. einhvers vandamáls.

Ég er notuð í stærðfræði

Ég held jurtum og trjám föstum í jarðveginum.

Þegar öldurnar eru miklar er líka talað um _____

Orðtak: Ágirndin er _____ alls ills.

Ég er hluti af mörgum bókum í lögfræði.

Ég er fag sem er kennt í skólum.

Ég er lítil ritgerð í blaði.

Ég er hluti af tré og vex ú túr stofninum.

Orðtak: Að vera á grænni _____.

Mig er að finna í öllum bókum.

Ég er hluti af hnífnum sem þú notar.

Ég er hluti af plöntum og trjám.

Orðtak: Að snúa við _____.

Ég er frægur listamaður, t.d. í tónlist og kvikmyndum.

Ég er hvítur blettur í enni dýrat, t.d. hesta og kúa.

Ég er hlutur sem er settur efst á jólatré.

Ég er bjartur hnöttur á himni.

Satt eða ósatt?

Hrafn getur verið nafn á konu. _____

Það er margar **lóur** á Íslandi á veturna. _____

Birki er laufré. _____

Björk er íslensk leikkona. _____

Nöfnin **Unnur** og **Bára** merkja (þýða) það sama. _____

Vefir sem vísað hefur verið í og gott er að vita um:

<http://www1.nams.is/fuglar/>

<http://www1.nams.is/flora/index.php>

<Http://floraislands.is>

<http://www.yrkja.is>

<http://bin.arnastofnun.is/forsida/>

<http://hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Nofn>



Það er gaman að uppgötva náttúruna!